

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 2 8.

Kristján Kristjánsson.

Starfsskýrsla skégarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1928.

S k ó g a r h ö g g:

í Vaglaskógi var höggið á árinu:

Eldiviður o. fl.	573	hestbürðir	
Birgðir f. f. ári	153	"	726 hestb.
Til Reykjavíkur	50	"	
Til girðinga	3	"	
Selt úr skóginum	52	"	
Leyft högg (eldiv.o.fl.)	243	"	
Eldiviður skógarv.	188	"	536 "
Biggðir 31/12			190 hestb.

í Sigriðarstaðaskógi hafa á þessu ári verið höggnir 12 hestb.
með minu leyfi

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr græðireitnum:

Birki	1.737	stk.
Reynir	153	-
Reynir (úr fræb.)	200	-
Ösp (frá Garði.)	200	-
viðikurl	20	-
Samt.	2.310	stk.

Sáð var 6 kg. birkifrae í græðireitinn.

Ý m i s l e g t:

í haust var safnað 28.8 kg. af birkifraei, sem eftir að búið var að hreinsa það og þurka vög 19 1/2 kg. og er það fræ geymt hér enn.

Af 13 kg., sem hér var til í ársbyrjun var 1/1 sent 1 kg. Skogfrökontoret Johannes Rafn & Sön Köbenhavn, F.. 3 kg. 5/6 sent Hákonni Finnssyni, Borgum, Hornafirði, 6 kg. var sáð í græðireitinn hér í vor, en 3 kg. eru til ónotuð.- Fræ það sem hér var sáð spíráði mjög illa, enda var júnimánuður afar kalfur og þur. -

Fræ var mjög lítið á skóginum í summar og því mjög erfitt að fá það gott, en á það lagði ég aðaláherzluna.

í girðinguna var riðið í kantinum að ofan- með mjóum sléttum vir, frá syðsta girðingarhorni út fyrir tún og virðist mikil bót að því.

Aðgerð á húsinu, sem eftir var frá í fyrra, hefir verið framkvæmd, samkv. því, sem ráðgert var í summar, nema eftir er að mála. Hefir Jón Ferdinandsson í Skogum láfað að framkvæma það seinna á veturn. Enda búið að fá efnið.

Sömuleiðis var gjört við þejardyrðar - eins og ráðgert var -, og lagður pappi á gamla húsið, svo ní lekur það ekki.

Ferðir hefi ég engar farið, nema út að Garði og í Sigriðarstaðaskógi og með plöntur til Akureyrar.

Merkir - tölustafirnir - á trjánum í merkireitunum, voru endurnýjuð í haust. Kom þá í ljós, að búið var að höggva af þeim í reit II. no. 6, 12, 27, 29, 31, 36, 37, 43, 48, 49, 62, 66, 67, 69, 71, 72, 74, 79, 82, 84, 90, 102, 141, 142, 143, 144, 152, 153, 159, 160, 161, 162, 163, 168, 169, 170, 174, 187.

Numerin óundirstrikuð munu hafa verið höggvin haustið 1925 af klaufaskap eða roluskap. En hvenær undirstrikuð numerin hafa verið höggvin, veit ég ekkert um. Vissi ekki að þaun vöntuðu fyrr en reiturinn var merktur upp.

Samt sást það á stúfumum, að þessi tré hafa ekki verið höggvin í sumar.

Vöglum 8. jan. 1929.

Kristján Kristjánsson.